



STOFNÞING 27.MAÍ 2011

Til aðalfulltrúa á stofnþing ASÍ-UNG

Reykjavík, 17. maí 2011

Efni: Stofnþing ASÍ-UNG

Vertu velkomin/n á stofnþing ASÍ-UNG sem haldið verður föstudaginn 27. maí nk. í sal Rafiðnaðarskólans að Stórhöfða 27 og hefst með setningu forseta ASÍ kl. 10:00.

ASÍ-UNG er nýr samráðsvettvangur fyrir ungt fólk á aldrinum 18-35 ára innan Alþýðusambands Íslands. Markmiðið með stofnun ASÍ-UNG er að efla starf ungs fólks í verkalýðshreyfingunni og auka þekkingu ungs launafólks á verkefnum verkalýðshreyfingarinnar og réttindum á vinnumarkaði. Á stofnþingið hefur hverju aðildarfélagi ASÍ verið boðið að senda einn fulltrúa og því eiga rétt til þátttöku á þinginu 53 fulltrúar ungs launafólks.

Með bréfi þessu fylgir **dagskrá stofnþingsins** en á stofnþinginu verður auk samþykktar þingskapa og samþykktá ASÍ-UNG kosin níu manna stjórn ASÍ-UNG. Þá mun meginvinna þingsins fara fram í vinnuhópum þar sem umræðuefnin verða atvinnu- og kjaramál, menntamál og húsnæðis-, fjölskyldu- og jafnréttismál. Þingfulltrúar eru beðnir að skrá sig í vinnuhópa en meðfylgjandi eru umræðuskjöl fyrir alla hópana. Þar eru annars vegar dregin fram staðan í málaflokknum en hins vegar tæpt á áherslum ASÍ í málaflokknum og stefnu ASÍ í málefnum ungs fólks sem varðar málaflokkinn.

Undirbúningshópur ASÍ-UNG hefur í aðdraganda þingsins haldið fundi með ungu launafólki í aðildarfélögum ASÍ um land allt. Meðfylgjandi er ennfremur **skýrsla undirbúningshópsins** þar sem farið er yfir niðurstöður fundanna og fjallað með efnislegum hætti um tillögur að samþykktum og þingsköpum sem liggja fyrir þinginu. Ennfremur hefur undirbúningshópur ASÍ-UNG sett fram, á grundvelli fundanna og eigin vinnu, hugmyndir að fyrstu verkefnum ASÍ-UNG.

Rétt að hafa í huga

Skráning í hádegisverð og fagnað

Á stofnþingi ASÍ-UNG verður boðið upp á hádegisverð í Rafiðnaðarskólanum. Þingfulltrúar eru beðnir að **tilkynna þátttöku í hádegisverðinn** á netfangið asta@asi.is fyrir 23. maí nk.

Vinnuhópar

Á þinginu verða starfræktir eftirfarandi þrír vinnuhópar; menntamál, atvinnu- og kjaramál og húsnæðis-, fjölskyldu- og jafnréttismál. Sömuleiðis verður starfrækt laganefnd.

Starfið í vinnuhópunum hefst með fræðsluerindum en að þeim loknum verður unnið með miðlunaraðferðinni þar sem þátttakendur geta komið sjónarmiðum sínum, hugmyndum og áherslum á framfæri. Á grundvelli þeirrar niðurstöður sem þannig næst fram verða unnar ályktanir til að leggja fyrir þingið.

Þátttakendur eru beðnir að **skrá sig til þátttöku í starfi einhvers af vinnuhópunum og tilkynna** á netfangið asta@asi.is fyrir 23. maí nk.

Ferðakostnaður og gisting

Um greiðslu kostnaðar vegna þingfulltrúa fer samkvæmt reglugerð ASÍ um það efni.

Hvað varðar gistingu fyrir þingfulltrúa sem koma utan af landi er mikilvægt að ganga frá þeim þætti sem fyrst. Af hálfu ASÍ var óskað tilboðs frá Fosshótel Lind um verð á gistingu fyrir þau aðildarfélög sem vilja nýta sér það. Þegar pantað er skal vísa í „tilboð vegna stofnþings ASÍ-UNG“.


Fosshótel Lind (sími: 562 3350) - Eins manns herbergi: Kr. 15.000 með morgunverði.

Þingfulltrúar eru beðnir að panta hótélherbergi eigi síðar en 20. maí nk.

Frekari upplýsingar

Á heimasíðu ASÍ, www.asi.is, verður settur **sérstakur hnappur „ASÍ-UNG“** þar sem hægt verður að nálgast gögnin fyrir stofnþingið.

Með félagskveðjum,



Halldór Grönvold
aðstoðarframkvæmdarstjóri ASÍ

Hjálagt fylgja:

Tillaga að samþykktum ASÍ-UNG

Tillaga að þingsköpum ASÍ-UNG

Dagskrá stofnþings ASÍ-UNG

Listi yfir þingfulltrúa

Skýrsla undirbúningshóps ASÍ-UNG

Umræðuskjöl:

Atvinnu-og kjaramál

Menntamál

Fjölskyldu- og jafnréttismál

Húsnaðismál